

1996

Fréttatilkynning

Dagana 2.-3. nóvember heldur Kvinnalistinn landsfund sinn í Viðey undir yfirskriftinni „Kvenfrelsi, frá orðum til athafna“. Á laugardeginum verður rætt um fæðingarorlofsmál og menntamál. Á sunnudeginum verður umræðuefnið jafnréttisáætlanir og stöður jafnréttisfulltrúa á Akureyri og í Reykjavík.

Ferðir í og úr Viðey verða sem hér segir:

Laugardaginn 2. nóvember

Út í eyju kl. 9.00

Út í eyju kl. 12.30

Frá eyjunni kl. 14.50

Sunnudaginn 3. nóvember

Út í eyju kl. 10.00

Frá eyjunni kl. 12.00

Frá eyjunni kl. 17.00

Föstudaginn 1. nóvember verður haldinn inngangur að landsfundinum. Um er að ræða opinn fund þar sem fjallað verður um ímynd kvenna í fjölmiðlum, kvikmyndum og auglýsingum. Frummælendur verða þær Elín Hirst, fráfarandi fréttastjóri Stöðvar 2 og Bylgjunnar, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, fjölmiðlafræðingur og Anna Sveinbjarnardóttir, kvikmyndafræðingur. Að erindum loknum taka við pallborðsumræður. Í pallborði sitja Elfa Ýr Gylfadóttir, bókmennta- og fjölmiðlafræðingur og Steingrímur Ólafsson, fréttamaður ásamt þeim Elínu, Áslaugu Dóru og Önnu. Fundarstjóri verður Steinunn V. Óskarsdóttir. Fundurinn verður haldinn í Norræna húsinu og hefst hann kl. 20.30. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.